

Forsætisnefnd

Fyrirspurn forseta borgarstjórnar um kostnað við hvern borgarstjórnarfund - umsögn. - DRÖG

Á fundi forsætisnefndar þann 13. september sl., lagði forseti borgarstjórnar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver hefur verið dæmigerður kostnaður vegna eins borgarstjórnarfundar það sem af er kjörtímabili? Átt er er við kostnað vegna greiðslna til verktaka, s.s. vegna útsendinga, kostnað vegna veitinga, launakostnað vegna yfirvinnu starfsfólks og annar kostnaður sem fellur til vegna eins fundar. Hver má ætla að kostnaður yrði fundum borgarstjórnar ef ákveðið yrði að þeir myndu ekki standa lengur en til kl. 18:00?

Forsætisnefnd óskaði eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs en upplýsingar frá sviðinu bárust skrifstofu borgarstjórnar 15. nóvember sl. og viðbótarskýringar 19. nóvember sl. Á tímabilinu frá 18. júní 2018 til 19. nóvember 2019 hefur borgarstjórn haldið 26 fundi (undanskildir eru sameiginlegir fundir með Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmeningarráði og ofbeldisvarnefnd)

Meðalkostnaður fyrir hvern fund á kjörtímabilinu er ca. 850.000.- vegna veitinga fyrir borgarstjórn, vegna útsendinga á vef Reykjavíkurborgar og í útvarpi og vegna yfirvinnu húsvarða í Ráðhúsi frá kl. 18.00. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu á skrifstofu borgarstjórnar og í skjalaveri ráðhúss en að jafnaði eru tveir til þrír starfsmenn á sérstakri fundavakt eftir að dagvinnutíma lýkur.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar